

Fundur í stjórn foreldrafélags Álfasteins haldinn á Bláu könnunni 25. nóvember kl. 16.30  
Mættar: Rachel, Andrea, Helga og Halla sem ritar fundargerð.

### 1. Jólagjafir

Rætt um jólagjafir fyrir jólaballið sem haldið verður 14. desember. Í fyrra voru gefnar bækur, rætt um að gefa eitthvað annað núna og gefa bækur annað hvert ár. Verð á jólagjöf gæti verið um 500 kr á barn. Ýmsar hugmyndir ræddar og ákveðið að Helga gái hvort hún sjái eitthvað í Tiger og Toys'r'us, Andrea í Rúmfatalager og Halla á Jólamarkaðinn. Hugmyndir að gjöfum voru meðal annars leir, litir og bók og tónlist á geisladisk. Einnig rætt um það hvort jólasveinar gætu gefið börnunum mandarínur. Halla tekur að sér að spyrja Hugrónu að því.

### 2. Leikrit

LA verður með nemendasýningu í desember sem er fyrir alla aldurshópa og miðaverð 800 kr. Andrea tekur að sér að hafa samband við leikhúsið og taka frá miða á sýningu, einnig setur hún upp auglýsingu í leikskólanum þar sem foreldrar geta skráð sig.

### 3. Önnur mál

Eftir áramót var danskennsla í leikskólanum sem foreldrafélagið tók þátt í að greiða niður. Áhugi er fyrir því að endurtaka leikinn og ætlar Helga að hafa samband við danskennarann.

Rætt um gjald í foreldrafélagið sem er núna 400 kr. Við veltum fyrir okkur hvort það sé tímabært að hækka það um 100 kr á mánuði eða hvort við ættum að leita annarra leiða til fjáröflunar. Ein hugmynd sem kom fram er dósasöfnun. Síðastliðið vor var listaverkasýning í leikskólanum og var stjórnin ánægð með hvernig til tókst og áhugi er fyrir því að endurtaka næsta hana vor. Stjórnin leggur til að ágóðinn af henni verði nýttur í hefðbundið starf sem foreldrafélagið greiðir s.s. fjöruferð, íþróttiferð o.þ.h. Einnig rætt um hvort hægt sé að sækja um styrki til dæmis til sveitarfélagsins en það væri þá bara í eitthvert ákveðið verkefni.

Ákveðið að vera í tölvupóstsambandi til að taka ákvörðun með jólagjafir fljótlega.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Halla Björk Þorlákssdóttir